

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 18/2019

frá 8. febrúar 2019

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópu-sambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 349, 21.12.2016, bls. 8.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 16b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB) og lið 31ba (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB):

„– **32014 R 0909**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 349, 21.12.2016, bls. 8.“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 29f (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012):

„, breytt með:

– **32014 R 0909**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 349, 21.12.2016, bls. 8.“

3. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 31bea (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 594/2014):

„31bf. **32014 R 0909**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópu-sambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á til-

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1.

skipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 349, 21.12.2016, bls. 8.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og sé ekki kveðið á um annað í samningi þessum, ber að skilja hugtökin „aðildarríki(n)“ og „lögbær yfirvöld“ þannig að þau taki, til viðbótar við merkingu þeirra í reglugerðinni, til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra, í þeirri röð.
- b) Skilja ber tilvísanir til „aðila að seðlabankakerfi Evrópu“ eða til „seðlabanka“ þannig að þær taki til seðlabanka EFTA-ríkjanna, til viðbótar við merkingu þeirra í tilskipuninni.
- c) Liechtenstein er heimilt að leyfa verðbréfamiðstöðvum þriðju landa sem þegar veita þjónustu sem um getur í 2. mgr. 25. gr. til fjármálalegra milliliða í Liechtenstein, eða hafa þegar sett á fót útibú í Liechtenstein, að halda áfram að veita þjónustuna sem um getur í 2. mgr. 25. gr. í að hámarki fimm ár eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2019 frá 8. febrúar 2019.
- d) Í 3. mgr. 1. gr. koma orðin „EES-samningsins“ í stað orðanna „lögum Sambandsins“.
- e) Í 3. mgr. 12. gr. koma orðin „opinberir gjaldmiðlar aðila að EES-samningnum“ í stað „gjaldmiðlar Sambandsins“.
- f) Í 13. gr. og fyrstu undirgrein 1. mgr. 14. gr. er orðunum „Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „viðeigandi yfirvöld“.
- g) Í 3. mgr. 19. gr., 3. mgr. 33. gr., 4. mgr. 49. gr., 2. mgr. 52. gr. og 3. mgr. 53. gr. koma orðin „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ í stað orðanna „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem“.
- h) 5. mgr. 24. gr.:
 - i) í fyrstu og annarri undirgrein er orðunum „og, í tilvikum sem varða EFTA-ríki, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina“ og „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni“;
 - ii) í þriðju undirgrein koma orðin „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlits-“

stofnunin, eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ í stað orðanna orðin „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar en hún“.

- i) Í 8. mgr. 34. gr. koma orðin „samkeppnisreglana sem gilda samkvæmt EES-samningnum“ í stað orðanna „samkeppnisreglana Sambandsins“.
- j) Í 5. mgr. 38. gr. koma orðin „á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2019 frá 8. febrúar 2019“ í staðinn fyrir orðin „17. september 2014“.
- k) Í 1. mgr. 49. gr. orðast „eigi síðar en 18. desember 2014“ sem „innan þriggja mánaða frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2019 frá 8. febrúar 2019“, að því er varðar EFTA-ríkin.
- l) 55. gr.:
 - i) í 5. og 6. mgr. koma orðin „EES-samningnum“ og „EES-samninginn“ í stað orðanna „lög Sambandsins“,
 - ii) í 6. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.
- m) Í 3. mgr. 58. gr. og 1. mgr. 69. gr. koma orðin „innan þriggja mánaða frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2019 frá 8. febrúar 2019“ í stað orðanna „eigi síðar en 16. desember 2014“, að því er varðar EFTA-ríkin.
- n) Í 1. mgr. 61. gr. orðast „eigi síðar en 18. september 2016“ sem „innan árs frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2019 frá 8. febrúar 2019“, að því er varðar EFTA-ríkin.
- o) Í 2. og 5. mgr. mgr. 69. gr. er orðunum „á EES-svæðinu“ bætt við á eftir „gildistökudegi“.
- p) 76. gr., að því er EFTA-ríkin varðar:
 - i) í 4., 5. og 6. mgr. er orðunum „ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem inniheldur“ bætt við á eftir „gildistöku-degi“,
 - ii) í 5. mgr. koma orðin „innan sex mánaða frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem inniheldur tilskipun 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 600/2014“ í stað orðanna „fram til 13. júní 2017“,

iii) í 7. mgr. orðast „3. janúar 2017“ sem „áður en þessar laga-gerðir taka gildi á EES-svæðinu“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 349, 21.12.2016, bls. 8, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. febrúar 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.